130 - 195	25 - 80	R 10 / R 11 / R 12 / R 13 / R 14
135 /	25 30 35 40 45 50 55 60 65 70 75 80	R 15
145 /	25 30 35 40 45 50 55 60 65 70 75 80	
155 /	25 30 35 40 45 50 55 60 65 70 75 80	
165 /	25 30 35 40 45 50 55 60 65 70 75 80	
175 /	25 30 35 40 45 50 55 60 65 70 75 80	
185 /	25 30 35 40 45 50 55 60 65 70 75 80	
195 /	25 30 35 40 45 50 55 60 65 70 75 80	
205 /	25 30 35 40 45 50 55 60 65 70 75	
215 /	25 30 35 40 45 50 55 60 65 70	
225 /	25 30 35 40 45 50 55 60 65	
235 /	25 30 35 40 45 50 55 60	
245 /	25 30 35 40 45 50 55	
155 /	25 30 35 40 45 50 55 60 65 70 75 80	R 16
165 /	25 30 35 40 45 50 55 60 65 70 75 80	
175 /	25 30 35 40 45 50 55 60 65 70 75 80	
185 /	25 30 35 40 45 50 55 60 65 70 75 80	
195 /	25 30 35 40 45 50 55 60 65 70 75 80	
205 /	25 30 35 40 45 50 55 60 65 70	
215 /	25 30 35 40 45 50 55 60 65	
225 /	25 30 35 40 45 50 55 60 65	
235 /	25 30 35 40 45 50 55 60	
245 /	25 30 35 40 45 50	
185 /	25 30 35 40 45 50 55 60 65 70 75	R 17
195 /	25 30 35 40 45 50 55 60 65 70	
205 /	25 30 35 40 45 50 55 60 65	
215 /	25 30 35 40 45 50 55 60 65	
225 /	25 30 35 40 45 50 55 60	
235 /	25 30 35 40 45 50 55	
245 /	25 30 35 40 45 50	
255 /	25 30 35 40 45	
265 /	25 30 35 40	
275 /	25 30 35	
285 /	25 30 35	

205 /	25 30 35 40 45 50 55 60	R 18
215 /	25 30 35 40 45 50 55 60	
225 /	25 30 35 40 45 50 55 60	
235 /	25 30 35 40 45 50	
245 /	25 30 35 40 45	
255 /	25 30 35 40 45	
265 /	25 30 35 40	R 19
275 /	25 30 35	
285 /	25 30 35	
295 /	25 30	
215 /	25 30 35 40 45 50 55	
225 /	25 30 35 40 45 50 55	
235 /	25 30 35 40 45 50	
245 /	25 30 35 40 45	
255 /	25 30 35 40	
265 /	25 30 35	R 20
275 /	25 30 35	
225 /	25 30 35 40 45	
235 /	25 30 35 40 45	
245 /	25 30 35 40	
255 /	25 30 35	
265 /	25 30 35	

205	55	R 16



1.611-030.1 É Continental AG (2016)

IS

ContiMobilityKit Notkunarleiðbeiningar

ÖRYGGIS- VIÐVÖRUN

Lesið leiðbeiningarnar og varnaðarorðin vandlega áður en ContiMobilityKit er notað!

Mikilvægt er að farið sé eftir leiðbeiningunum til að tryggja öryggi ökutækisins. Ef ekki er farið eftir leiðbeiningunum hefur það í för með sér aukna hættu á skemmdum á hjólbarðanum, sem getur haft áhrif á notkun ökutækisins og leitt til þess að það verði stjórnlaust. Slíkt getur valdið alvarlegu slysi eða dauða. Látið alla aðra notendur ökutækisins vita ef staðalbúnaði fyrir hjólbarðaskipti (t.d. varadekki) hefur verið skipt út fyrir ContiMobilityKit.

Inngangur

Með ContiMobilityKit er hægt að þétta flest göt sem koma á hjólbarða þannig að hægt sé að aka á þeim tímabundið. Aðeins er mælt með notkun þess fyrir þá hjólbarða sem taldir eru upp í töflunni og sem eru með loftþrýsting allt að 300 kPa (3 bör, 43 psi). Kerfið samanstendur af þjöppu og þéttiefni og er ætlað til að þétta örugglega og með þægilegum hætti göt sem koma á fólksbílahjólbarða t.d. vegna nagla eða annarra aðskotahluta sem eru allt að 6 mm í þvermál.

Í sumum tilvikum er aðeins hægt að þétta hjólbarðann að hluta til eða alls ekki en það fer eftir gerð og umfangi skemmdanna á honum. Ef loftþrýstingur minnkar í hjólbarða getur það leitt til þess að ökutækið verði stjórnlaust.

Fylgið eftirfarandi reglum þegar ContiMobilityKit er notað:

- **Akið varlega og forðist snöggar beygjur og aðrar hreyfingar sem reyna á ökutækið,** sérstaklega ef það er þunghlaðið eða dregur eftirvagn.
- Kerfið gerir þér kleift að framkvæma neyðarviðgerð til bráðabirgða þannig að þú getir haldið ferð þinni áfram á næsta verkstæði eða ekið **vegalengd allt að 200 km (120 mílur).**
- Akið ekki hraðar en **að hámarki 80 km/klst.**
- Geymið ContiMobilityKit í farangursgeymslu ökutækisins þannig að það sé öruggt og vel skorðað eða fest. Ekki er ráðlegt að geyma það í farþegarýminu þar sem það gæti fallið á farþega við skyndilega stöðvun eða árekstur og valdið slysi.
- Geymið ContiMobilityKit þar sem börn ná ekki til.

Í leiðbeiningunum er útskýrt skref fyrir skref hvernig nota skal ContiMobilityKit til að gera við sprunginn hjólbarða til bráðabirgða. Vinsamlegast lesið kaflann „Hvað á að gera þegar gat kemur á hjólbarða“,

VIÐVÖRUN Ekki nota ContiMobilityKit ef hjólbarðinn hefur þegar skemmst vegna þess að ekið hefur verið á honum loftlitlum. Reynið ekki að þétta skemmdir sem eru annars staðar en á mynsturfleti hjólbarðans. Reynið ekki að þétta skemmdir á hliðarveggjum hjólbarðans.

Leiðbeiningar um hvernig nota skal ContiMobilityKit á öruggan hátt:

- Notið vöruna aðeins fyrir hjólbarða sem eru undir bifreiðinni.
- Notið ContiMobilityKit aðeins með slöngulausum hjólbörðum.
- Ef ContiMobilityKit er notað til annars en það er ætlað getur það valdið alvarlegu slysi eða áverka vegna þess að þrýstiloft getur verkað eins og sprengiefni eða þeytiefni.
- Leggið ökutækinu í vegkantinum þannig að það sé ekki fyrir annarri umferð og þannig að þú getir notað ContiMobilityKit án þess að leggja þig í hættu.
- Settu handbremsuna á jafnvel þótt þú hafir lagt á sléttu svæði til að tryggja að ökutækið hreyfist ekki úr stað.
- Ekki reyna að fjarlægja aðskotahluti eins og nagla eða skrúfur sem ganga í gegnum hjólbarðann. Láttu þá vera þar sem þeir eru.
- Hafðu vélina í gangi meðan þú notar ContiMobilityKit nema ökutækið sé í lokuðu rými eða á svæði þar sem loftræsting er takmörkuð.
- Skildu ContiMobilityKit aldrei eftir eftirlitslaust meðan það er í notkun.
- Ekki láta loftpressuna ganga lengur en í 10 mínútur þar sem annars er hætta á að hún ofhitni.
- Skiptu þéttiefnisflöskunni út fyrir nýja áður en fyrningardagsetningin rennur upp (sjá merkimiða á flösku). Ef þéttiefnið er fyrnt er ekki hægt að ábyrgjast fulla virkni. Notið eingöngu upprunalegar ContiMobilityKit flöskur sem eru þrýstiþolnar.
- Tækniupplýsingar fyrir settið eru í bæklingnum.

Hvað á að gera þegar gat kemur á hjólbarða

Þú getur gert við sprunginn hjólbarða til bráðabirgða í tveimur skrefum.

Fyrst er þéttiefninu og lofti dælt í hjólbarðann (sjá Skref 1). Strax á eftir þarf að aka stutta vegalengd (3-10 km / 2-6 mílur) til að dreifa þéttiefninu í hjólbarðanum. Eftir það þarf að athuga loftþrýstinginn og dæla meira lofti í hjólbarðann ef þarf (sjá Skref 2). Eftir þetta má halda akstri áfram allt að 200 km (120 mílur) og á allt að 80 km/klst.

Upplýsið alla aðra notendur ökutækisins um að gert hafi verið við hjólbarðann til bráðabirgða með ContiMobilityKit og gerið þeim grein fyrir þeim takmörkunum sem hafa þarf í huga við akstur.

Skref 1: Þéttiefninu og lofti dælt í hjólbarðann

1 Fjarlægið límmiðann sem sýnir leyfilegan hámarkshraða (80 km/klst.) af boxinu og festið hann á brún framrúðunnar eins og sýnt er á myndinni.

2 Takið slönguna og rafmagnskapalinn úr ContiMobilityKit boxinu. Skrúfið rauðgula lokið af tengistút flöskunnar.

3 Skrúfið rauða lokið af þéttiefnisflöskunni.

VARÚÐ Látið innsiglið á flöskunni vera óhreyft. Innsiglið rofnar þegar flaskan er skrúfuð á flöskuhaldarann. Forðist að þéttiefnið berist á húð en það inniheldur náttúrulegt latexgúmmí. Opnið ekki útloftunarventilinn. Notið meðfylgjandi hlífðarhanska.

4 Skrúfið flöskuna réttsælis með ákveðnu taki á móti viðnáminu vegna skorana upp að pakkningunni á flöskutenginu þar til samskeytin eru þétt.

5 Fjarlægið hettuna á ventilinum á skemmda hjólbarðanum. Takið hlífðarhettuna af endanum á slöngunni og skrúfið hana þétt á ventilinn á skemmda hjólbarðanum. Gangið úr skugga um að þjöppuventillinn sé stilltur á „0“ og að útloftunarventillinn sé lokaður.

6 Setjið rafmagnstengilinn í innstunguna fyrir vindlingakveikjarann (12 volta tengi, sjá handbókina fyrir ökutækið).

7 Ræsið vélina (aðeins ef ökutækið er utandyra eða á vel loftræstum stað).

VIÐVÖRUN Ef vélin er höfð í gangi þar sem loftræsting er engin eða lítil (t.d. inni í byggingu) getur það valdið köfnun!

8 Setjið rofa þjöppunnar á „I“.

Mikilvægt: Þegar þéttiefninu er dælt í gegnum ventilinn á hjólbarðanum getur þrýstingurinn hækkað upp í 500 kPa (5 bör, 73 psi) en hann lækkar aftur eftir um 30 sekúndur.

VIÐVÖRUN Athugið hliðar hjólbarðans áður en lofti er dælt í hann. Ekki reyna að pumpa í hjólbarðann ef á honum eru einhverjar sprungur, bólur eða svipaðar skemmdir. Standið ekki mjög nærri hjólbarðanum meðan þjappan dælir í hann. Fylgist með hliðinni á hjólbarðanum. Slökkvið á þjöppunni ef fram koma sprungur, bólur eða aðrar skemmdir og hleypið loftinu úr með því að opna útloftunarventilinn.
Í slíku tilviki má ekki halda áfram að nota hjólbarðann!

9 Bætið lofti í hjólbarðann í allt að u.þ.b. 10 mínútur eða þangað til loftþrýstingur er að lágmarki 180 kPa, (1.8 bör, 26 psi) og hámark 300 kPa (3 bar, 43 psi).

10 Slökkvið smá stund á þjöppunni til að geta lesið raunverulegan loftþrýsting af þrýstimælinum.

VIÐVÖRUN Ef loftþrýstingurinn nær ekki 180 kPa (1.8 börum, 26 psi) innan 10 mínútna gæti hjólbarðinn hafa orðið fyrir of miklum skemmdum til að hægt sé að framkvæma bráðabirgðaviðgerð.
Í slíku tilviki má ekki halda áfram að nota hjólbarðann!

11 **12** Þegar minnst 180 kPa (1.8 bara, 26 psi) loftþrýstingi hefur verið náð:

- Stillið þjöppurofann á „0“.
- Takið tengilinn úr innstungunni fyrir vindlingakveikjarann.
- Skrúfið slönguna strax af hjólbarðaventilinum og setjið hlífðarhettuna á slönguna.
- Látið flöskuna vera í haldaranum. Þetta kemur í veg fyrir óvæntan leka á þéttiefnisleifum.
- Gangið úr skugga um að ContiMobilityKit, lokið af flöskunni og rauðgula lokið sé allt geymt á öruggum stað í ökutækinu en sé þó aðgengilegt.

Settið þarf að nota aftur þegar þú athugar loftþrýstinginn í hjólbarðanum.

13 **14** Akið strax 3-10 km til að þéttiefnið nái að þétta skemmdina. Akið ekki lengur en í 10 mínútur og ekki hraðar en á 80 km/klst. (takið eftir límmiðanum sem segir til um leyfilegan hámarkshraða).

VIÐVÖRUN Ef vart verður við mikinn titring, að ökutækið láti ekki vel að stjórn eða hávaða meðan ekið er skal draga úr hraða og aka gætilega á stað þar sem öruggt er að stöðva ökutækið. Athugið hjólbarðann og loftþrýstinginn aftur. Ef loftþrýstingurinn í hjólbarðanum er minni en 130 kPa (1.3 bör, 19 psi) eða ef sprungur, bólur eða viðlíka skemmdir eru sjáanlegar á hliðunum **má ekki halda áfram að nota hjólbarðann!**

Skref 2 Loftþrýstingur athugaður

15 Stöðvið ökutækið þegar eknir hafa verið 3-10 km (2-6 mílur). Athugið loftþrýstinginn í hjólbarðanum og stillið hann ef nauðsyn krefur. Fjarlægið hlífðarhettuna af endanum á slöngunni. Skrúfið slönguna þétt á ventilinn á skemmda hjólbarðanum.

16 Lesið loftþrýstinginn af þrýstimælinum.

Ef loftþrýstingurinn í hjólbarðanum með þéttiefninu er 130 kPa (1.3 bör, 19 psi) eða meira skal stilla hann í þann þrýsting sem gefinn er upp fyrir ökutækið (sjá merkispjald í ökutækinu).

VIÐVÖRUN Ef athugunin sýnir að loftþrýstingurinn í hjólbarðanum með þéttiefninu er minni en 130 kPa (1.3 bör, 19 psi) eða ef sprungur, bólur eða viðlíka skemmdir eru sjáanlegar á hliðunum **má ekki halda áfram að nota hjólbarðann!**

- Gangið úr skugga um að rofinn á þjöppunni sé stilltur á „0“.
- Stingið rafmagnstenglinum í innstunguna fyrir vindlingakveikjarann.
- Ræsið vélina (aðeins ef ökutækið er utandyra eða á vel loftræstum stað).

VIÐVÖRUN Ef vélin er höfð í gangi þar sem loftræsting er engin eða lítil (t.d. inni í byggingu) getur það valdið köfnun!

17 **18** Stillið þjöppurofann á „I“ og dælið lofti í dekkið þar til loftþrýstingurinn nær uppgefnum þrýstingi en þó ekki lengur en í 10 mínútur.



DC 10 – 15 V	450 ml
≤ 10 A	Ø 87 mm x 125 mm
≤ 700 kPa	585 g
150 mm x 130 mm x 60 mm	
650 g	

- Slökkvið á þjöppunni og athugið loftþrýstinginn í hjólbarðanum aftur. Ef loftþrýstingurinn er of hár þarf að hleypa lofti úr hjólbarðanum með útloftunarventilinum.
- Leifar af þéttiefninu í slöngunni gætu lekið út þegar útloftunarventillinn er opnaður eða þegar hlífðarhettan er tekin af henni. Vinsamlegast notið meðfylgjandi hlífðarhanska.
- Þegar loftþrýstingurinn í hjólbarðanum er orðinn réttur skal slökkva á þjöppunni, taka rafmagnstengilinn úr innstungunni, skrúfa slönguna af, setja hlífðarhettuna á ventilinn á hjólbarðanum og hlífðarlokið á slönguna.
- Látið flöskuna vera í haldaranum og geymið ContiMobilityKit á öruggum stað í farangursgeymslu ökutækisins.

VIÐVÖRUN Eftir viðgerð með þéttiefninu má **ekki aka hraðar en á 80 km/klst.** og skipta þarf um hjólbarðann eins fljótt og hægt er (eftir **í mesta lagi 200 km akstur (120 mílur)). Ekki má halda akstri áfram** ef vart verður við mikinn titring, óstöðugleika í stýri eða hávaða meðan ekið er.

19 **20** Akið á næsta verkstæði til að láta skipta um skemmda hjólbarðann. Látið verkstæðismennina vita að þéttiefni sé í hjólbarðanum áður en hann er losaður af felgunni. Þéttiefnisútfellingar í notaðri slöngu geta hindrað eðlilega notkun ContiMobilityKit. Skipta þarf um bæði þéttiefnisflöskuna og slönguna eftir að ContiMobilityKit hefur verið notað.

ATHUGIÐ Munið að neyðarviðgerðarsett til nota á vegum úti veita aðeins tímabundna ökuhæfni. Reglur um hjólbarðaviðgerðir eftir notkun á ContiMobilityKit geta verið mismunandi frá einu landi til annars. Þú ættir að ráðgast við aðila með sérþekkingu á hjólbörðum.

VIÐVÖRUN Gangið úr skugga um að réttur loftþrýstingur, sem sjá má á merkispjaldi í ökutækinu, sé í hjólbarðanum áður en ekið er af stað. Fylgist reglulega með loftþrýstingnum þar til skipt hefur verið um hjólbarðann með þéttiefninu.
Haldið áfram eins og lýst er að ofan frá lið 15 og áfram.

Nýtt þéttiefni og varahlutir fást hjá viðurkenndum viðgerðarverkstæðum eða söluaðilum. Þéttiefnisflöskum má farga með heimilisúrgangi.

Frekari upplýsingar (t.d. rafræna handbók, kvikmynd með notkunarlýsingu, ESB-samræmisyfirlýsingu) er að finna á heimasíðu Continental - www.continental-mobility.com